

Nr. 014 / 10 Málmei SK 1***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1833
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1987, stál
Stærð: 882,8 brl. 1469,7 bt.
Mesta lengd: 56,5 m Skráð lengd: 54,4 m
Breidd: 12,6 m Dýpt: 7,7 m
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 26



Málmei ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynt, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 25. janúar 2010 var Málmei SK 1 á togveiðum í Víkurál. Veður: 18-20 m/s og meira í hviðum.

Tveir skipverjar voru að koma fiskikössum fyrir í lestinni. Annar þeirra sá um að raða í stæðu en hinn kastaði þeim til hans. Við þetta lenti kassi illa á löngutöng hægri handar þess sem var að raða í stæðuna og var ákveðið að senda hann með öðru skipi í land tveimur dögum síðar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn sem tók af færibandinu og kastaði niður á stæðuna stóð í tæplega tveggja metra fjarlægð frá hinum og varpaði kassanum úr brjósthæð. Hann tók ekki eftir höndinni fyrr en hann hafði sleppt kassanum;
- að slasaði stóð á lestargólfinu og raðaði kössunum í fjögurra laga hæð í gólfíð. Hann var að laga til síðasta kassann sem lá í gólflaginu með fætinum og studdi sig við stæðuna með hendinni. Ekki gerði hann sér grein fyrir hvers vegna eingöngu langatöng varð undir kassanum en hinir fingurnir ekki;
- að kassinn var nær 30 kíló að þyngd.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.